

„Algjör aðstöðubylting fyrir okkur og börnin okkar“

Fyrsta skóflustunga að stækkun íþróttahússins við Skólamörk í Hveragerði var tekin 12. maí sl. Oddvitar allra framboða í bæjarstjórn, fulltrúi eldri borgara og formaður Hamars tóku stunguna.

Viðbyggingin verður um 2.000 fermetrar og er gert ráð fyrir nýjum keppnisal, fimleikaaðstöðu, áhorfendastúkum, nýju anddyri, búningsklefum og geymslu.

Í núverandi húsi er mörgu ábótavant. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er ekki fullnægjandi, engin aðstaða er fyrir hópfimleika og vöntun er á gryfjum fyrir æfingar. Vegna stærðar íþróttagólfs er einungis hægt að æfa eina íþrótt í húsinu í einu og lofthæð og breidd er ekki

fullnægjandi fyrir allar íþróttir.

„Það sem við erum að gera núna er ótrúlegur áfangi í sögu bæjarins. Það sem að við erum búin að vera að bíða eftir, tala um, skeggræða, mæta á fundi, miðla málum og komast síðan að einhverri niðurstöðu, er hvernig við ætlum að standa að uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum,“ sagði Pétur G. Markan bæjarstjóri Hveragerðisbæjar við skóflustunguna.

„Þetta verður algjör aðstöðubylting fyrir okkur og börnin okkar. Þau sem koma til þess að erfa bæinn og byggja hann upp vilja bestu mögulegu aðstöðu fyrir börnin sín,“ sagði Pétur einnig.

EHJ



Yfir 500 félagar á landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar

Helgina 9. – 11. maí var Landsþing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar haldið á Selfossi. Yfir 500 félagar sóttu þingið og viðburði tengda því á Selfossi og nágrenni.

Samhliða Landsþingi voru haldnir Björgunarleikar, þar sem lið frá fjölmörgum björgunar-sveitum kepptu sín í milli við að leysa ýmis verkefni sem Björgunarfélag Árborgar hafði lagt fyrir þau.

Landsþing kaus félaginu nýja forystu og var Borghildur Fjóra Kristjánsdóttir kjörin formaður til næstu tveggja ára. Þingið samþykkti jafnframt samhljóma tvær ályktanir þar sem skorað var á stjórnvöld að tryggja Slysavarnarfélaginu Landsbjörg niðurfellingu á virðisauka-



skatti vegna starfsemi sinnar ásamt því að skora á stjórnvöld að tryggja Samhæfingarstöð Almanna- og tengdum við-

bragðsaðilum sameiginlegt húsnaði við hæfi sem allra fyrst.

Myndasýrpu frá landsþinginu má finna á blaðsíðu 11.



Dagskráin flytur

Dagskráin og Prentmet Oddi flytja starfsemi sína í nýtt húsnæði að Gagnheiði 17 miðvikudaginn 21. maí nk. eftir rúm 20 ár á Eyravegi 25.

Starfsemi fyrirtækisins heldur áfram með sama sniði og áður og hlökkum við til að taka á móti viðskiptavinum á nýjum stað.

Fáðu fagmann í verkið

 Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2024

 **PIPULAGNIR**
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Úthlutun lóða á þjóðlendum í Þórsmörk, Goðalandi og Emstrum.



Rangárþing eystra auglýsir eftir leigutökum til að nýta lóðir innan þjóðlendumarka í Þórsmörk, Goðalandi og við Emstrur(Botnar). Leyfi Rangárþings eystra þarf til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. Gr. sömu laga.

Skilmálar sem verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi en ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins fyrir svæðið.

Ferðafélag Íslands og Ferðafélagið Útivist eru nú þegar með rekstur og mannvirki á umræddum lóðum.

Húsadalur, Þórsmörk

Húsadalur 3 – stærð lóðar er 28.877,1 m²

Húsadalur 4 – stærð lóðar er 11.653,1 m²

Langidalur, Þórsmörk

Langidalur – stærð lóðar er 53.652,5 m²

Slyppugil – stærð lóðar er 5.713 m²

Básar, Goðaland

Básar – stærð lóðar er 97.949,3 m²

Efri-Botnar, Emstrur

Emstrur 1 – stærð lóðar er 443 m²

Emstrur 2 – stærð lóðar er 366 m²

Emstrur 3 – stærð lóðar er 511 m²

Emstrur 4 – stærð lóðar er 494 m²

Deiliskipulag er í gildi fyrir ofangreind svæði, sem samþykkt voru 22. júní 2017 fyrir Þórsmörk og Goðaland. Deiliskipulag var samþykkt 7. október 2010 fyrir Emstrur. Lóðir hafa verið stofnaðar á grundvelli deiliskipulags.

Skilmálar sem Rangárþing eystra mun líta til við ákvörðun um úthlutun á umræddum lóðum eru meðal annars eftirfarandi:

- Þekking á þjóðlendunum
- Þekking og reynsla af rekstri gisti- og ferðapjónustu, s.s. fjallaskála eða sambærilegra gistihúsa á miðhálandinu.
- Sveitarfélagið fer fram á að mannvirki séu samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun leggja áherslu á að frágangur mannvirkja verði með þeim hætti að samræmist landslagi og stingi ekki í stúf við umhverfið.
- Greinargerð um áform um hvernig umsækjandi hyggist nýta lóð og mannvirki innan svæðanna og hvernig sú nýting samræmist skilmálum deiliskipulags.
- Hvað viðkomandi aðili eða félag vill greiða í leigu fyrir notkun á umræddum lóðum og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddum lóðum og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára.

Gildandi deiliskipulag er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins á www.map.is/ranga. Sveitarfélagið hvetur umsækjendur til að kynna sér gildandi deiliskipulag. Upplýsingar um svæðið má nálgast á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is, og í gegnum netfangið bygg@hvolsvollur.is. Umsóknir skulu berast rafrænt á heimasíðu Rangárþings eystra.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2025. Sé sótt um fleiri en eina lóð skal skila inn umsókn fyrir hverja fyrir sig.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Fjölmenni á Fjölmenningshátíð

Síðastliðinn laugardag, þann 10. maí, fór fram Fjölmenningshátíð Rangárþings í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Hátíðin var haldin af sveitarfélögunum Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra. Alls sýndu fulltrúar frá þrettán löndum fjölbreytta menningu svæðisins á hátíðinni en það voru: Moldóva, Rúmenía, Úkraína, Austurríki, Slóvakía, Tékkland, Pólland, Suður-Ameríka (Brasilía og Kólumbía), Mexíkó, Frakkland, Ísland, Portúgal og Tæland.

Rúmlega 600 manns á hátíðinni
Það má með sanni segja að hátíðin hafi öll verið sú glæsilegasta, þátttakendur lögðu mikið

á sig við að skapa skemmtilega stemningu á sínum borðum þar sem hægt var að fræðast um sögu og menningu þessara þjóða. Fullt var út úr dyrum og má áætla að rúmlega 600 manns hafi heimsótt hátíðina.

Matur spilaði stórt hlutverk á hátíðinni en allar þjóðirnar buðu upp á mat frá sínum heimalöndum. Það fór því enginn svangur út frá hátíðinni og var það heldur svo að gestir komust ekki yfir það að smakka á öllum þeim kræsingum sem í boði voru.

Fjölbreytt dagskrá var einnig á sviði, þar sem þjóðir komu fram með atriði líkt og söng og fiðluspil sem og dans og nemendur frá Tónlistarskóla Rangæinga

spiluðu og fluttu lög frá ýmsum þjóðum við góðar undirtektir.

Ómetanlegt samstarf samfélagsins

Að hátíð sem þessari koma margar hendur, mikilvægt er að þakka þeim þátttakendum sem lögðu mikið á sig við að kynna sig og sín þjóðlönd, án þeirra væri ekki hægt að halda slíka hátíð. Kærar þakkir til Fjölmenningsráðs Rangárþings eystra sem átti veg og vanda að skipulagningu hátíðarinnar þau Gina, Jana, Ioan og Marlena sem og Justyna Lis kennara í Hvolsskóla. Einnig er vert að þakka Sláturfélagi Suðurlands fyrir þeirra stuðning við hátíðina.

Ljósmyndir: Magnús Kári Ingvarsson og Jóhann G. Jóhannsson.



ENGJALAND 4

OPIÐ HÚS

Laugardaginn 17. maí frá kl. 15 til 16.

Nýjar íbúðir fyrir 55 ára og eldri
Vandaður frágangur - Svalalokun - Bílakjallari
Verð frá 71,4 milljónir



Steini s. 894 2045
 Siggí s. 866 6716
 Þórir s. 865 9774
www.arborgir.is

VERKEFNASTJÓRI NÆRSAMFÉLAGS OG NÁTTÚRU

Viltu hjálpa okkur að vera góður granni?

Við hjá Landsvirkjun leitumst við að eiga sem best samskipti við nágranna okkar nær og fjær. Við leitum að verkefnastjóra til að ganga til liðs við okkur á sviði samfélags og umhverfis, sem tryggir góð og jákvæð samskipti við nærsamfélag og hagsmunaaðila. Starfið býður upp á tækifæri til að starfa í líflegu og hvetjandi vinnuumhverfi og hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Helstu verkefni:

- samskipti við hagsmunaaðila í nærsamfélagi aflstöðva
- gerð og eftirfylgni samskiptaáætlana
- undirbúningur og framkvæmd samfélagsverkefna
- stuðningur við þróun, innleiðingu og eftirfylgni græns reksturs
- miðlun verkefna og árangurs, innan og utan fyrirtækis

Hæfniskröfur:

- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- framúrskarandi samskiptaeiginleikar og jákvætt viðhorf
- þekking og reynsla af samskiptum við fjölbreyttan hóp hagsmunaaðila
- frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- þekking eða reynsla af umhverfis- og orkumálum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, landsvirkjun.is/storf



Er þetta söguleg niðurstaða?

Á fundi bæjarstjórnar fimmtudaginn sl. var lögð fram til síðari umræðu ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2024. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð, upp á rúmar 169 milljónir króna sem eru ánægjulegar fréttir. Þó vekur það áhyggjur að skuldasoðfnun heldur áfram og að verulegt misræmi er milli fjárhagsáætlunar og raunverulegrar niðurstöðu samkvæmt ársreikningi. Þannig bendir ýmislegt til þess að ákveðin lausatök séu í fjármálastjórn sveitarfélagsins.

Lausatök í rekstri og auknar skuldir

Við yfirferð ársreikningsins kemur fram að annar rekstrar-kostnaður, fyrir utan launakostnað, fór um 475 milljónir króna fram úr fjárhagsáætlun, með viðaukum. Tekjur reyndust hins vegar 372 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir, aðallega vegna aukinna framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hefði ekki komið til aukinna tekna umfram áætlun hefði því orðið verulegur rekstrarhalli á árinu 2024.

Kostnaður við laun bæjar-ráðs og bæjarstjórnar hefur tvöfaldast frá árinu 2021, farið úr 14 milljónum upp í tæpar 28 milljónir króna. Sama gildir um kostnað við önnur nefndastörf, það hefur farið úr 5 milljónum upp í um 10 milljónir króna. Nefndakostnaður hefur þannig hækkað um 18,6 milljónir króna frá árinu 2021 og stendur nú í yfir 38 milljónum króna á ári, án launakjörstjórnar. Fulltrúar D-listans hafa ítrekað bent á að þær stjórnslubreytingar sem farið var í með fjölgun nefnda og ráða myndu leiða til aukins nefndakostnaðar. Þessi þróun gefur tilefni til að spyrja hvort þessar breytingar hafi skilað aukinni skilvirkni og hagkvæmni, líkt og meirihlutinn talaði um.

Skuldastaða bæjarins hefur aukist verulega frá árinu 2022. Í lok árs 2021 námu skuldir og skuldbindingar um 5,2 milljörðum króna. Nú, samkvæmt ársreikningi 2024, eru þær komnar í um 8,2 milljarða króna. Þetta er mikil hækkan á innan við þremur árum og ekki er að sjá að uppbygging innviða sé í samræmi við þá skuldasoðfnun.

Slík þróun takmarkar svig-

rúm bæjarins til frekari fjárfestinga án þess að hætta skapist á að farið verði yfir lögbundin viðmið um skuldahlutfall. Skuldsetningin gerir Hveragerðisbæ einnig viðkvæmari fyrir efnahagssveiflum og ófyrirséðum útgjöldum, sérstaklega í ljósi þess að lausafjárstaðan hefur staðið í stað. Handbært fé í árslok var 213 milljónir króna, nánast óbreytt frá fyrra ári. Ef kæmi til tekjusaðráttar eða óvæntra útgjalda gæti bæjarfélagið átt í erfiðleikum með að standa undir greiðslubyrði lána og annarra skuldbindinga.

Söguleg uppbygging innviða – eða hvað?

Þó að fjárfestingaráætlun hafi gert ráð fyrir verulegum framkvæmdum á árinu 2024 er nauðsynlegt að fara varlega í að tala um sögulega uppbyggingu þegar rauntölur og framkvæmdir eru skoðaðar. Fjárfestingaráætlunin stóðst lítið betur en rekstraráætlunin.

Þriðji áfangi við grunn-skólann fór verulega fram úr áætlun, þrátt fyrir að samþykkt hafi verið að flýta verkinu að hluta. Upphaflega var gert ráð fyrir 443 milljónum króna, en kostnaður fór upp í 693 milljónir króna, að fráðreginni endurgreiðslu frá Sveitarfélaginu Ölfusi að upphæð 112 milljónir króna. Rétt er að hafa í huga að verkefninu er ólokið. Á sama tíma voru áætlaðar 500 milljónir króna á fjárfestingaráætlun í uppbyggingu íþróttamann-virkja, framkvæmd sem ekki var farið í, eini kostnaðurinn sem féll undir þann lið var ýmis sérfræðikostnaður upp á 28 milljónir króna samtals.

Kostnaður við viðbyggingu við leikskólann Óskaland fór einnig langt fram úr áætlun. Kostnaðurinn endaði í 171 milljón króna, þrátt fyrir að upphafleg áætlun gerði aðeins ráð fyrir 91 milljón króna. Þegar kostnaður Hveragerðisbæjar og Fasteignafélagsins Eikar við viðbygginguna er tekinn saman sést að kostnaðurinn við að byggja þessar þrjár deildir nálgast það sem myndi kosta að byggja fullbyggðan sex deilda leikskóla.

Tekjur af gatnagerðargjöldum námu aðeins um 52 milljónum króna á móti 230 milljónum króna kostnaði við gatnagerð. Rúmum 16 milljónum var varið í sérfræðikostnað vegna skólphreinsistöðvar, þó að áætlun hafi gert ráð fyrir 100 milljónum króna framlagi til endurbóta á skólphreinsimálum.

Sterk framtíð Hveragerðisbæjar byggir ekki aðeins á vilja til framkvæmda heldur þarf að koma þeim í framkvæmd í samræmi við áætlanir hverju sinni. Hveragerðisbær hefur alla burði og tækifæri til að halda áfram að vaxa og þróast, en það verður að gerast á traustum grunni. Nú er kominn tími til að stilla áherslurnar af, draga úr misræmi milli áætlana og veruleika, endurskoða forgangsröðun verkefna og tryggja að fjárfestingar verði að veruleika. Með ábyrgri fjármálastjórn verður hægt að byggja upp sveitarfélagið á sjálfbæran hátt.

Friðrik Sigurbjörnsson, bæjarfulltrúi D-listans.
Eypór H. Ólafsson, varabæjarfulltrúi D-listans.



Gáta vikunnar

Uppnefni sem aular fá, einn í burt er snjólaus. Kyngetu var sviptur sá, svartur finnst í ættum, já.

Svar við gátu í blaði 2801: **GAT**
1. Lína: **(G)**at, hana/hesta-at
4. Fær sér **GAT** í eyrað, gat er fjármark



Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR



Sunnlenski matgæðingurinn



Kjúklingalasagna

Ég vil byrja á að þakka vini mínum Steinari fyrir áskorunina og traustið. Challenge accepted!

Þess má geta að þegar ég át allar þessar pylsur hér í forðum daga var þetta í afmælisveislu hjá mér. Ef ég man rétt voru þetta 13-14 stk. í brauði.

Allt þetta át varð til þess að pabbi minn þurfti að skjótast út í búð og kaupa fleiri pylsur fyrir mig. Á meðan biðu afmælisgestir eftir mér inni í stofu, spenntir að horfa á bíómynd.

En hins vegar er réttur sem er í miklu uppáhaldi hjá mér og það er kjúklingalasagna, hann klárlega toppar Steinars Hot dog special.

Kjúklingalasagna fyrir ca. 4-6 manns

3-4 kjúklingabringur
1 rauðlaukur
1 paprika
2 hvítlauksrif
2 krukkur salsa sósa
1/2 krukka af ostasósu
Ca 150 gr rjómaostur
Mexíkönsk kryddblanda eða taco krydd
Tortilla-kökur
Rifinn ostur

Ég ætla ég að skora á vin minn hann Alexander Þórsson að vera matgæðing næstu viku. Ég held að hann komi ansi á óvart þegar kemur að matreiðslu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Kristín Ósk ráðin leikskólastjóri Leikskólans á Laugalandi

Kristín Ósk Ómarsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri Leikskólans á Laugalandi. Starfið var auglýst fyrr í vor í kjölfar þess að Sigrún Björk Benediksdóttir sagði starfi sínu lausu eftir langan og farsælan feril, en hún lætur af störfum vegna aldurs.

Rangárþing ytra greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

Kristín hefur starfað á leikskólanum með hléum frá árinu 2017 og starfar þar í dag sem deildarstjóri, staðgengill leik-

skólastjóra og staðgengill umsjónarmanns sérkennslu og þekkir því vel til. Hún mun taka við stöðu leikskólastjóra 5. ágúst næstkomandi.

Kristín hlaut B.A. gráðu í félagsráðgjöf árið 2005, M.A. gráðu í félagsráðgjöf árið 2016 og M.ed. gráðu í menntunarfræði leikskóla árið 2020. Auk þess hefur hún lokið bókhalds- og rekstrarnámi, lokið 30 ECTS í lýðheilsu- og kennslufræðum og viðbótardiplóma í farsæld barna.



Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og Kristín Ósk Ómarsdóttir handsalaráðninguna. Ljósmynd: Rangárþing ytra.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Skipulagsmál í Steinum

Ég undirritaður mótmæli þarðlega þeim fyrirhuguðu framkvæmdum í Steinum sem birtust í auglýsingu í Dagskránni um skipulagsmál í Rangárþingi eystra þann 15. apríl sl. Ég vísa í fyrri mótmæli sem afhent voru en láðist að birta á Skipulagsgátt vegna handvamar yfirvalda. Sá rökstuðningur sem þar kemur fram er fullgildur varðandi umrædda auglýsingu.

Það er með öllu óskiljanlegt að sveitarstjórn skuli velja það að ganga í berhögg við álit Eyfellinga í þessu máli. Íbúarnir eru niðurlægðir með því að birta ekki mótmæli þeirra sem sýnir berlega að viðkomandi yfirvöldum er ekki treystandi. Núverandi yfirvöld hafa gengið fram í því að sýna Eyjafjöllum lítilsvirðingu með leyfisveitingum fyrir margs konar framkvæmdum sem sverta ásýnd Eyjafjalla og rýra gæði þeirra. Má þar nefna húsaþyrpingu á Lambafelli, bílastæði við Skógafoss, fyrirhugaðar hótélbyggingar og smáhýsi víðs vegar. Nú á að bíta hausinn af skömminni og taka tvær jarðir úr landbúnaðarnotum í Steinum og vinna að leyfisveitingu fyrir tvö hótél, baðlón, orkustöð, 100 smáhýsum auk starfsmannaíbúða. Allt á miklum veðravísisstað. Rætt er um að hleypa frárennsli í sjóinn. Sem næsti landeigandi

þá leggst ég alfarið gegn því-líkri framkvæmd. Jörðum sem liggja að sjó fylgir einnig réttur í sjó. Sem vörslumaður þess hvað varðar Berjanes, næstliggjandi jörð við Steinana, þá get ég ekki með nokkru móti leyft að frárennsli verði sett í sjóinn. Hætta að frárennsli frá rotþrómlendi í Holtsós og mengi hann er mikil. Bendi ég á að situr frá rotþró við Hótel Uma fer í næstliggjandi skurð sem er grængolandi af illa lyktandi óþverra frá rotþrónni. Má ætla að það sama myndi gerast í Steinum. Eftirliti með þessum hlutum er ábótavant. Neysluvatnsþörf yrði afar mikil í Steinum og ráðgert að bora eftir vatni. Það væri of mikil áhætta fyrir næstliggjandi vatnsból á víðu svæði. Vatnsból Berjanes er á því svæði og því leggst ég alfarið gegn stórfelldri borun og vatnstöku á svæðinu.

Framkvæmdirnar myndu valda ljósmengun og hávaða vegna umferðar, átroðningi á næstliggjandi jarðir og óafturkræfum skemmdum á fuglalífi og gróðri á svæðinu.

Það er umhugsunarefni hvers vegna sveitarstjórnin er samhuga um að rýra gæði Eyjafjalla og ásýnd. Hún tekur ekkert tillit til íbúanna. Að ætla sér að auka svo mjög við fólksfjölda á svæðinu án þess að leiða hugann að því að innviðir hvers konar eru



nú þegar að þrotum komnir og mega ekki við auknu álagi, er ekki ásættanlegt. Það er ekki hægt að sætta sig við þau svör frá æðstráðandi að innviðir séu ekki á könnu sveitarstjórnar. Sveitarstjórn má ekki viljandi og vitandi vits rýra það litla sem eftir er af grunnþjónustu íbúanna. Það er lítilsvirðandi. Til þess voru fulltrúarnir ekki kosnir. Geri hún það er hún ekki starfi sínu vaxin. Gangi hún erinda fjármagnsins gegn vilja íbúanna þá er illt í efni.

Að öðru leyti vísa ég í fyrri mótmæli um sama mál.

Berjanesi 27. apríl 2025.

Ath. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 30. maí nk. Auðvelt að setja á Skipulagsgátt hjá Rangárþingi eystra.

Vigfús Andrésson.

Grænn iðngarður í Ölfus - Verkefnastjóri óskast

Viltu móta sjálfbæra framtíð Ölfuss? Ölfus Cluster leitar að lausnamiðuðum einstaklingi í starf verkefnastjóra græns iðngarðs í Þorlákshöfn.

Starfsmaður mun:

- Hafa umsjón með hönnun grænna iðngarða í samstarfi við aðila í sveitarfélaginu.
- Setja upp vöktun á grunnvatnsauðlindinni til að tryggja ábyrga nýtingu hennar.

Helstu verkefni:

- Stjórna hönnun og samstarfi um iðngarðinn.
- Próa ný atvinnutækifæri.
- Innleiða grænna reglana og rannsóknir á umhverfisþáttum.

Leitum að:

- Aðila með brennandi áhuga á atvinnuuppbyggingu.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og reynslu af verkefnastjórnun.
- Skilningi á umhverfis- og skipulagsmálum.

Fáðu:

- Tækifæri til að leiða nýsköpunarverkefni.
- Mikil áhrif á sjálfbæra þróun svæðisins.
- Sveigjanlegt starf í öflugri teymi.

Umsóknarfrestur: 19. maí 2025.

Sendu umsókn og ferilskrá til Páls Marvins Jónssonar á pmj@olfus.is, merkt „Verkefnastjóri Ölfuss“. Frekari upplýsingar í síma 694-1006.

Sjá nánar: <https://olfuscluster.is/olfus-cluster-leitar-ad-verkefnastjora/>

RÆSTING Í SOGSSTÖÐVUM

Ertu með allt á hreinu?

Hreint og snyrtilegt vinnumhverfi er mikilvægur þáttur í starfsemi okkar hjá Landsvirkjun. Við óskum eftir að ráða einstakling til að annast almenn þrif og ræstingar í Sogsstöðvum. Um er að ræða þrif í vélasölum, skrifstofuhúsnæði, hreinlætisaðstöðu og gistirýmum ásamt því að hafa umsjón með þvotti. Einnig tilfallandi aðstoð og afleysingar í mötuneyti.

Við Sogið eru aflstöðvar Landsvirkjunar þrjár; Írafossstöð, Ljósafofsstöð og Steingrimsstöð.

Hæfni:

- góð almenn menntun og námskeið sem nýtast í starfi
- reynsla af þrifum við sambærilegar aðstæður er kostur
- snyrtimennska og rík þjónustulund
- sveigjanleiki, metnaður og vinnugleði
- lipurð í samskiptum og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



Tilboð

Byggingafélagið Sandfell ehf og Stracta Hótel óska eftir tilboði í eftirfarandi verk. Staðsetning verks er á Hellu.



Uppsetning á veggjum.

Stálstoðir	575m2
Tvöfalt gifs.	575m2
Ull	575m2
Tvöfalt gifs.	575m2

Málningarvinna :

Málun á veggjum.	836m2
Málun á lofti	376m2

Tilboð skulu send á bokhald@stractahotels.
is. Uppsýsingar veittar í síma 822222

Hjúkrunarfræðingur óskast
í afleysingar í sumar

Starfshlutfall og tímabil
eftir samkomulagi



Upplýsingar gefur Birna Sif,
birna@dvalaras.is og á grund.is

GRUND

Vel heppnað vormót Umf. Heklu í frjálsíþróttum

Vormót Umf. Heklu í frjálsíþróttum fór fram laugardaginn 10. maí sl.

Rúmlega 50 keppendur tóku þátt frá þrem félögum og var talsvert um persónulegar bætingar og góðan árangur.

Keppt var í langstökki án atrennu, hástökki og kúluvarpi í 6 aldursflokkum, 7-8 ára, 9-10 ára, 11 ára, 12 ára, 14 ára og karla og kvennaflokki.

Í karla- og kvennaflokki voru sigurvegarar eftirtaldir:

Langstökk án atrennu kvenna: Stephanie Ósk Ingvarsdóttir, stökk 2,47 m.

Langstökk án atrennu karla: Veigar Þór Víðisson, stökk 2,98 m.

Kúluvarp kvenna: Stephanie Ósk Ingvarsdóttir, kastaði 9,57 m.

Kúluvarp karla: Veigar Þór Víðisson, kastaði 9,75 m.

Hástökk kvenna: Stephanie Ósk Ingvarsdóttir, stökk 1,50 m.

Hástökk karla: Veigar Þór Víðisson, stökk 1,75.

Bæði Stephanie og Veigar áttu svo góðar tilraunir við næstu hæðir, 1,55 og 1,80. Þar vantaði herslumuninn en er bjartsýni á að það náist í sumar.

Í yngri flokkum var einnig mikið um góðan árangur og miklar bætingar og ber þar helst árangur Þorbjargar Helgu Björgvinsdóttur í hástökki stúlkna 11-12 ára, þar sem hún stökk 1,25m.



Ársfundur deildar VR á Suðurlandi

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi verður haldinn á skrifstofu VR á Selfossi, Austurvegi 56 (3. hæð), **fimmtudaginn 22. maí næstkomandi kl. 17:00.** Skráning fer fram á vef VR.

Fundurinn hefst með léttum veitingum.

Dagskrá

- Hefðbundin ársfundarstörf
- Önnur mál

Framboð til formanns og stjórnar deildarinnar þurfa að hafa borist á netfangið **vr@vr.is** fyrir **kl. 16:30 þriðjudaginn 20. maí.**

Mýrdalshlaupið haldið í 12. skipti – stærsta hlaupaeinvígi ársins

Mýrdalshlaupið hefur tryggt Músar sess meðal bestu og stærstu utanvegahlaupaviðburða á Íslandi síðustu ár og fer nú fram í 12. skipti þann 31. maí næstkomandi kl. 11.00 í Vík í Mýrdal. Allt skipulag og utanumhald hlaupsins er í höndum einnar fjölskyldu frá Vík, auk vina, vandamanna og um 40 sjálfboðaliða sem standa að framkvæmd hlaupsins á hlaupdegi.

Keppt er í tveimur vegalengdum, 21 km með 1000 metra hækkun og 10 km með 500 metra hækkun. Auk þess verður boðið upp á 3 km skemmtiskokk innanbæjar í Vík sem ræst er kl. 11.30.

Um 500 keppendur eru skráðir til leiks og þar á meðal eru margir af fremstu hlaupurum landsins eins og undanfarin ár. Í ár fer fram æsispennandi keppni í kvennaflokki 21 km hlaupsins, en Yngvild Kaspersen, sem er besta utanvegahlaupakona Evrópu með 818 ITRA stig, mætir til leiks og búast má við stórskemmtilegri keppni á milli hennar og Andreu Kolbeinsdóttur, sem er með 775 stig.

„Ég er ótrúlega spennt að fá

svona sterkan keppanda til Íslands og sjá hversu mikla samkeppni ég get veitt,“ segir Andraea í aðdraganda hlaupsins.

Í karlaflokki er von á mörgum af fremstu hlaupurum landsins, þar á meðal Þorsteini Roy Jóhannessyni og Þorbergi Inga Jónssyni ásamt fleirum. Þá eru hlaupafélagarnir úr Mýrdalshlaupinu 2024, hr. Guðni Th. Jóhannesson og Mari Järsk skráð til leiks.

Hlaupið er ræst í fjörunni í Vík og hlaupa allir keppendur upp á Reynisfjall vestan við þorpið þar sem leiðir skilja. Þar hlaupa keppendur í lengra hlaupinu fram fjallið, yfir Þjóðveginn og upp á Höttu, fjall austan megin við Vík og þaðan niður í Víkurþorp. Hlauparar í 10 km hlaupinu fara aftur niður Reynisfjall og í mark.

Hlaupið er eitt mest krefjandi utanvegahlaup á Íslandi vegna mikillar hækkunar og lækkunar, mikils bratta og fjölbreytts undirlags. Hjá mörgum er þetta hlaup hápunktur hlaupasumarsins, en hjá öðrum liður í undirbúningi fyrir lengri hlaup á Íslandi eða erlendis.





Gíslína Sigurbjartsdóttir, Kv. Sigurvon, og Sólveig Þórðardóttir, formaður SSK.

Gíslína Sigurbjartsdóttir kvenfélagskona ársins 2024

Samband sunnlenskra kvenna hélt sinn 97. ársfund í Þingborg laugardaginn 26. apríl sl. Innan SSK starfa 25 kvenfélög og í þeim eru 864 konur. Það hefur verið til síðs í 15 ár að stjórnir kvenfélaganna mega tilnefna konu úr sínum röðum sem þeim hefur þótt skara fram úr með störfum sínum. Það er síðan valnefnd skipuð þremur konum sem fær það vandasama verk að velja eina af mörgum hæfum konum. Í ár bárust fimm tilnefningar og var valið erfitt, því vissulega eru allar konur þess verðar að verða kvenfélagskona ársins, en það er aðeins ein sem stendur upp úr að lokum á hverju ári. Kvenfélagskona ársins 2024 var valin Gíslína Sigurbjartsdóttir í Kv. Sigurvon í Bykkvabæ. Hún gekk

snemma til liðs við kvenfélagið og hefur alltaf tekið virkan þátt í starfsemi þess í leik og starfi. Þá hefur hún verið þeim góð fyrirmynd í hvívetna. Kvenfélagskona ársins fær til varðveislu í eitt ár kökukefli, sem er farandgripur og á það eru rituð nöfn Kvenfélagskonu ársins frá upphafi. Á ársfundinum voru fimm konur gerðar að heiðursfélögum SSK. Það voru Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir, Kv. Gnúpverja, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Kv. Gaulverjabæjarhrepps, Þórunn Ragnarsdóttir, Kv. Einingu í Holtum, Brynja Bergsveinsdóttir, Kv. Einingu í Hvolheppi og Guðrún Jónsdóttir, Kv. Lóu í Landsveit. Þær fengu allar heiðurskjal og blómvönd. Allar hafa

þessar konur verið einstaklega duglegar að sitja í stjórn og nefndum SSK til lengri og skemmri tíma og verið félaginu mjög dýrmætar. „Við erum þakklátar fyrir að þær skyldu velja að ganga í kvenfélag í fyrsta lagi og síðan að þær skyldu verða svona áhugasamar og getað gefið SSK svona mikinn hluta af tíma sínum, það verður aldrei fullþakkað. Sem betur fer erum við hjá Sambandi sunnlenskra kvenna einstaklega lánsamar með hvað við höfum margar hæfileikaríkar og frábærar konur í kvenfélögum sem alltaf eru tilbúnar að gefa sinn tíma í okkar mikilvæga starf. Góð kvenfélagskona er gulli betri,“ segir í tilkynningu frá sambandinu.



Nýir heiðursfélagar SSK. f.v. Sólveig Þórðardóttir formaður SSK, Þórunn Ragnarsdóttir Kv. Einingu í Holtum, Guðbjörg Guðmundsdóttir Kv. Gaulverjabæjarhrepps, Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir Kv. Gnúpverja, Guðrún Jónsdóttir Kv. Lóu og Brynja Bergsveinsdóttir Kv. Einingu í Hvolheppi.

Besta rekstrarniðurstaða Flóahrepps frá stofnun

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2024 var lagður fram til seinni umræðu í sveitarstjórn ásamt sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu 6. maí sl. Fyrri umræða um ársreikninginn fór fram í sveitarstjórn þann 7. apríl 2025. Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins námu rekstrartekjur A og B hluta á árinu 2024 1.333 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 179,3 millj. kr., en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 172,2 millj. kr. og hefur



rekstrarniðurstaða aldrei verið eins góð frá stofnun Flóahrepps árið 2006. Hulda Kristjánsdóttir sveita-

stjóri Flóahrepps greinir frá þessu á heimasíðu sveitarfélagsins. „Niðurstöður ársreiknings 2024 sýna mjög góða stöðu sveitarfélagsins og sýna fram á getu sveitarfélagsins til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Veltufé frá rekstri upp á 218,7 millj. kr. endurspeglar það svigrúm sem rekstur sveitarfélagsins gefur til að standa undir nýjum fjárfestingum, framkvæmdum og uppbyggingu innviða í þágu íbúa,“ segir Hulda.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Sláturhús Selfossi
Störf í sláturtíð haustið 2025



Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480-4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Frá kirkjugörðunum í Þorlákshöfn og á Hjalla í Ölfusi.

Stjórn kirkjugarðanna býður aðstandendum og forráðamönnum sem eiga leiði í kirkjugörðunum aðstoð, sér að kosnaðarlausu, ef þeir telja þörf á lagfæringum á leiðum.

Efni, t.d. þökur, verður til staðar svo og nauðsynleg verkfæri. Starfsmenn verða til aðstoðar.

Þeir sem ekki hafa tök á að nýta þetta boð er bent á að hægt er að koma óskum um lagfæringar á netfangið groa@portland.is. Æskilegt er að fá sent á sama tölvupóstfang fyrirspurnir og lýsingu á því hvað þurfi að lagfæra til að tryggj sé að nauðsynlegt efni og áhöld séu til staðar.

Einnig er hægt að hafa samband við Hjörleif, formann sóknarnefndar í síma 893-2017.

Þorlákshafnarkirkjugarður laugardaginn 17. maí kl. 10 - 13
Hjallakirkjugarður laugardaginn 24. maí kl. 10 - 13

Stjórn Þorláks- og Hjallakirkjugarða.



Barnabær - fullur af ævintýrum

Viltu fara á námskeið í jákvæðri hugsun, láta hrella þig, leysa þrautir eða bara slappa af, fá þér kaffi og kökur með vini og fara í innkaupaleiðangur í nýju umhverfi? Þá er Barnabær rétti staðurinn fyrir þig. Láttu koma þér á óvart því Barnabær býður alltaf upp á eitthvað nýtt.

Þann 16. maí verður Barnabær opinn almenningi frá 09:30 – 11:00 í skólanum á Stokkseyri. Barnabær er eingöngu annað hvert ár og því má enginn missa af þessu einstaka tækifæri.

Árið 2011 var Barnabær stofnaður og er samvinnuverkefni skólans, heimilanna og nærsamfélagsins. Barnabær vaknar vanalega til lífsins á vorin og er hans beðið með mikilli eftirvæntingu, bæði nemenda

og starfsfólks. Upphaflega hugmyndin er sprottin frá Danmörku og var það þáverandi foreldri sem kom með hugmyndina til okkar og þannig varð Barnabær að veruleika.

Árið 2013 hlaut BES Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla fyrir verkefnið.

Í Barnabæ er unnið með nemendum á markvissan og öflugan hátt með stór og flókin hugtök á borð við lýðræði, hagkerfi og samfélagsvitund. Síðustu fjóra skóladaga fyrir sumarfrí er skólanum breytt í fríríki – sjálfstætt þversnið af þjóðfélaginu sem við búum í, þar sem allir nemendur, kennarar, foreldrar og aðrir áhugasamir vinna saman að fjölbreyttum úrlausnarefnum samfélagsins.



VORHÁTÍÐ SELFOSSKIRKJU

SUNNUDAGINN 18. MAÍ
KL. 11:00

Barnakór

Stjörnukór

Föndurstöð

Andlitsmálun

Danspartý

UNGLINGAKÓR

PYLSUPARTÝ

LEIKIR

Verið öll hjartanlega velkomin í fallegu kirkjuna okkar

Ljóðasýning Arnars Jónssonar í Leikhúsinu á Selfossia

Bókabæirnir austanfjalls bjóða upp á ljóðaupplestur Arnars Jónssonar leikara í Leikhúsinu á Selfossi, sunnudaginn 18. maí kl. 15.00.

Arnar Jónsson er einn af ástsælustu leikurum þjóðarinnar. Leikferill Arnars spannar marga áratugi og hann hefur leikið á flestum sviðum íslenskra leikhúsa, í útvarpi og sjónvarpi bæði sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Hann leikstýrði m.a. nemendasýningu á Selfossi 1985 eða 1986 á Sem yður þóknast eftir William Shakespeare.

Hann hefur líka getið sér gott orð fyrir einstakan flutning á ljóðum og gaf nýlega út plötuna Ljóðastund með Arnari. Þar fer hann með nokkur af sínum uppáhaldsljóðum. Þennan flutning hefur hann svo gert að sýningu sem hefur verið sýnd í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Þar fjallar hann um mikilvægi ljóðanna fyrir sig persónulega, hvernig þau hafa snert hann

gegnum tíðina og segir sögur af því hvernig þau tengjast hans lífshlaupi.

„Mikilvægi ljóðsins í sam-tímanum er ótvírætt. Það er okkur mikilvægt til að miðla reynslu, tengja fólk saman sem og að veita skjól. Bókabæjunum austanfjalls er það sönn ánægja að geta boðið upp á viðburði sem tengjast ljóðinu og ljóðaupplestri. Margmála ljóðakvöldið sem haldið var 20. mars síðastliðinn í Listasafni Árnesinga var afar vel sótt og gleðilegt að finna fyrir hljómgrunn fyrir viðburðum tengdum ljóðinu, ljóðagerð og upplestri,“ segir í tilkynningu frá Bókabæjunum austanfjalls.

„Ljóðið ratar til sinna og það á sannarlega við um mig. Ljóðið fann mig mjög ungan. Tónlist tungumálsins endurómar í ljóðinu - auk hugsunar og tilfinninga. Þannig er öll verund mannskepnunnar undir í knöppu formi margvíslegra mynda,“

segir Arnar sjálfur um kynni sín af ljóðlistinni.

Gestir á upplesturinn mega leggja til frjáls framlög sem renna til Bókabæjanna en annars er aðgangur ókeypis.

Léttar veitingar verða í boði Bókabæjanna.





MÍMIR NEMENDAFÉLAG

MEINTASKÓLANS ÁD LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA R. MARQUEZ GUNNLAUGSDÓTTIR
OG ARNBJÖRG YR SIGURDARDÓTTIR

VATNSSLAGUR LÉTTI LUNDINA Í PRÓFVIKU Í ML

KOMIÐ SÆL, KÆRU SUNNLENDINGAR.

Nemendur í Menntaskólanum á Laugarvatni gerðu sér glaðan dag sl. þriðjudag 6. maí, þegar haldinn var vatnsslagur á skólalóðinni. Vatnsslagurinn er árleg hefð sem haldin er í miðri lokaprófsviku og er hugsaður til þess að brjóta upp álagið og minnka stress meðal nemenda. Einnig er svipaður viðburður sem haldinn er í desember á námsmatstíma en þá er snjóslagur. Vatnsslöngur og fötur voru dregnar fram og mikil kátína ríkti þegar nemendur tóku þátt í leiknum. Það var svo gaman að það mátti einnig sjá einn eða tvo heimamenn með í leiknum. Þegar fór að leiða að lokum vatnslagsins ákváðu sumir nemendur að ganga skrefinu lengra og hlaupa niður að Laugarvatni og stökkva beinustu leið út í vatnið.

Þessi viðburður er á vegum skólans og er það vegna þess að skólinn leggur áherslu á andlega heilsu og er markmiðið að bjóða upp á léttu og skemmtilega stund í annars krefjandi viku. Viðbrögðin voru afar jákvæð og margir nemendur sögðu vatnsslaginn hafa verið kærkomið hlé frá próflestri og lærdómi.



Elena R. Marquez Gunnlaugsdóttir, ritnefndarformaður nemendafélagsins Mímis.

VINSÆLU SÓLARVARNIRNAR FRÁ TENERIFE ERU KOMIN



Arnar Helgi með silfur á Norðurlandamótinu í judo 2025

Tveir keppendur frá Judo-félagi Suðurlands, Arnar Helgi Arnarsson og Böðvar Arnarsson, tóku þátt í Norðurlandamótinu í judo sem fór fram í Bröndby í Danmörku um liðna helgi. Þátttakendur í mótinu voru rúmlega 600.

Arnar Helgi, sem er 17 ára og keppti á fyrsta ári í flokki undir

21 árs, stóð sig frábærlega og náði öðru sæti. Hann sigraði tvo andstæðinga sína með nokkrum yfirburðum á fullnaðarsigri. Rasmus Strömstedt frá Svíþjóð var þó sterkari í þetta sinn og tók gullið.

Arnar Helgi keppti einnig í flokki fullorðinna og stóð sig með ágætum en varð að játa sig

sigraðan fyrir eldri og reyndari mönnum.

Böðvar keppti í 81 kg flokki fullorðinna en varð að láta í minni pokann fyrir andstæðingunum þennan daginn en keppnin mun skila reynslu fyrir komandi mót.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga:

1. **Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð L238531; Breytt lega frístundasvæði F22; Aðalskipulagsbreyting - 2406056**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2025 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis Hvítárbyggðar L238531 (F22) sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála.
2. **Hvammsvirkjun; Efnistökusvæði E26, aukin heimild; Aðalskipulagsbreyting - 2501068**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2025 breytingu á aðalskipulagi til kynningar er varðar auknar heimildir fyrir efnistöku úr námu E26 innan aðal- og deiliskipulagsáætlana. Samkvæmt núverandi stefnumörkun er gert ráð fyrir allt að 500.000 m3 efnistöku sem verður 950.000 m3 eftir breytingu. Efnid verður fengið innan framkvæmdasvæðis Hvammsvirkjunar sem stýttir efnisflutninga verulega og minni akstur eykur umferðaröryggi. Efnid verður jafnframt tekið af svæði sem búið er að heimila að raska með því að sökkva því undir inntakslón Hvammsvirkjunar. Efnistökusvæðin verða því lítt sýnileg að framkvæmdum loknum svo engin breyting verður á ásjáðarhrifum frá því sem búið er að heimila. Framkvæmdaraðili telur ólíklegt að finna aðra valkosti í nágrenninu sem bjóða upp á sama efnismagn með minni umhverfisáhrif. Aðgengi að efnistökusvæðunum er gott og eru skipulagðir vegir eða vinnuvegir að þeim. Efnistökusvæðin munu leggjast af eftir að Hvammlón verður tekið í notkun. Samhliða eru mörk á milli sveitarfélaga samræmd.
3. **Reykholt; Stækkun iðnaðarsvæði I24; Aðalskipulagsbreyting - 2503016**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2025 tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar, sem tekur til breytingar á aðalskipulagi innan þéttbýlisins í Reykholti. Í breyttu aðalskipulagi er iðnaðarsvæðið I24 stækkað yfir svæði fyrir jarðhitavinnslu og heimiluð nýting jarðhita, svæðið er afmarkað sem fláki á skipulagsupprætti í stað punkts. Íbúðarbyggð ÍB1 og opið svæði OP5 minnka samsvarandi. Stærð skipulagssvæðis er um 1,2 ha. Skipulagslýsing vegna breytingar var kynnt frá 27.03.25 - 19.04.25 og bárust umsagnir vegna hennar sem lagðar eru fram með afgreiðslu tillögunnar.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. **Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2404070**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Fells L177478. Um er að ræða alls um 16,3 ha sem tillagan tekur til. 11,3 ha svæði sunnan Biskupstungnabrautar sem verður skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og 5 ha norðan Biskupstungnabrautar sem skiptist í 2,6 ha verslunar- og þjónustusvæði og 2,4 ha frístundasvæði. Innan breytingarinnar er gerð ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu hótels og bygginga því tengdu alls um 8.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu. Heildarbyggingarmagn slíkra húsa geti verið allt að 3.500 fm fyrir allt að 200 gesti. auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 12 íbúðar-, útleigu- og starfsmannahúsum á svæðinu norðan Biskupstungnabrautar. Ábendinga bárust frá Skipulagsstofnun við afgreiðslu tillögunnar fyrir auglýsingu og eru þær birtar samhliða auglýsingu ásamt uppfærðum gögnum.

Samkvæmt 41. og 43. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

5. **Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Deiliskipulag - 2408104**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025, deiliskipulagið til auglýsingar, sem tekur til lands Fells L177478 (Engjaholt) sem er um 16,3 ha að stærð. Samkvæmt fyrirbyggjandi aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 -2027, dagsett 23. ágúst 2024, eru um 13.9 ha svæðisins skilgreint sem verslun og þjónusta, merkt Vþ45 og um 2.4 ha sem frístundabyggð merkt F110. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fimm lóðir. Á reit 1 er gert ráð fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu ásamt þjónustuhúsi. Auk þess er á reitnum gert ráð fyrir heimild fyrir hóteli ásamt veitingarekstri og þjónustuhúsi á 3-4 hæðum í þremur samtengdum byggingum. Heildarbyggingarmagn hótels og byggingum því tengdu eru 8.500 fm. Á lóð merkt 6 er gert ráð fyrir 12 húsum sem geta verið nýtt til útleigu til ferðamanna og sem íbúðar-/starfsmannahús. Gert er ráð fyrir að húsin geti verið allt að 200 fm hvert. Heildarbyggingarmagn verður að hámarki 4.000 fm. Lóðir merktar 2 og 4 verði frístundalóðir. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir Biskupstungnabraut til að mynda tengingu á milli svæðanna.
6. **Þinggerði 1 L215450; Björgunarmiðstöð; Deiliskipulagstillaga - 2504090**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2025 nýtt deiliskipulag til auglýsingar, þar sem áætlað er að byggja upp björgunarmiðstöð og eftir atvikum einnig aðstöðuhús fyrir björgunarsveit. Skipulagssvæðið nær yfir lóðina Þinggerði 1, tvo byggingarreiti og aðkomu. Samhliða gerð deiliskipulags verður unnin óveruleg breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 þar sem landnotkun svæðisins verður breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í svæði fyrir samfélagsþjónustu og byggingarmagn aukið um 200 m2 úr 1.000 fm í 1.200 fm.
7. **Tungurimi 14 L234820, Reykholti, breytt nýtingarhlutfall, deiliskipulagsbreyting - 2504081**

Sveitastjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2025 breytingu deiliskipulags til auglýsingar. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall allra parhúsaloða P1 innan deiliskipulagsins er hækkað úr 0,4 í 0,5.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

8. **Þinggerði 1 L215450; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2504089**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2025 að auglýsa niðurstöðu sveitarfélagsins á óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar verslunar- og þjónustusvæði Vþ16 sem er breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu. Samhliða er heiti lóðar í aðalskipulagi breytt og stærð og byggingarskilmálar uppfærðir. Á svæðinu verður starfsemi slökkviliðs og björgunarmiðstöðvar. Markmið með breytingunni er að þeirri starfsemi verði tryggð heppileg staðsetning og viðunandi húsnæði með öryggi að leiðarljósi. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til lóðarinnar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is. Mál 1 - 3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 15. maí 2025 með athugasemdarfresti til og með 5. júní 2025. Mál 4 - 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 15. maí 2025 með athugasemdarfresti til og með 27. júní 2025. Mál nr. 8 innan auglýsingar er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi. Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnskur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
15.maí kl. 13:00-14:45

OPIÐ HÚS

Fim. 15. maí. kl. 14:45

*Hlynur Snær
Theodorsson*
Skemmtir með söng
og gamanmálum

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

ATH. Síðasta opna hús
fyrir sumarfrí



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Þorlákshöfn – Bær framtíðar

Uppgangur Þorlákshafnar hefur verið mikill á síðustu árum. Undirritaður man þá tíð þegar hann kom fyrst í þorpið fyrir mörgum áratugum. Sú mynd sem þá birtist var lítið sjávarþorp með litla höfn, smábátaútgerð. Þar var litil verslun og fáein hefðbundin smáfyrirtæki. Í sveitarfélaginu Ölfusi var þá enn stundaður hefðbundinn landbúnaður, nánast á öllum bæjum, sem tengdist að mestu við þjónustu á Selfossi. Landið í kringum Þorlákshöfn var frekar drungalegt, svartir uppblásnir sandskaflar og melgresi alls staðar. Íbúabyggð var að myndast eftir skipulagsmunstri

og íbúagötur báru nöfn bókstafa, A-gata, B-gata o.s.frv., eins og í stórborgum Bandaríkjanna (USA).

Með betri höfn og hafnaraðstöðu kom nýr kraftur í Þorlákshöfn. Útgerðin jókst og íbúum fjölgaði hratt. Þorlákshöfn er vel staðsett með tilliti til fiskimiða og samgangna við Reykjavík og Keflavíkurflugvöll. Í dag eru áform um enn meiri stækkun hafnarinnar, sem gefur mjög mikla framtíðarmöguleika. Hluti innflutnings til landsins fer nú þegar um höfnina og búist er við aukningu á næstu árum. Sú þróun byggist á styttri siglingaleiðum fragtskipa frá Vestur-Evrópu og nægu hentugu landrymi í Þorlákshöfn. Smyril Line er í dag með mikla fragtflutninga um Þorlákshöfn og farþegaskip fyrirtækisins, sem siglir á Seyðisfjörð, gæti hugsanlega flutt áningarstaðinn sinn til Þorlákshafnar. Nýjustu fréttir fjalla um samning sveitarfélagsins Ölfuss við flutningafyrirtækið Torkargo um reglubundnar áætlanarsiglingar til og frá Þorlákshöfn. Kosturinn er styttri siglingaleið og á sama tíma nánd við Reykjavík og nágrenni, þar sem flestir landsmenn búa. Tíminn er verðmætur. Í þessum málaflokki er hugsað stórt.

Samkvæmt lögum skal endurskoða Aðalskipulag bæjarfélaga á fjögurra ára fresti. Í Aðalskipulagi ber að sjá fyrir byggða- og atvinnuþróun næstu 4-12 ár. Í dag búa um 3000 manns í Þorlákshöfn. Mikil gróska hefur verið þar um langt skeið, um 5% íbúafjölgun árlega. Með sama vexti yrði íbúafjöldinn orðinn um 4500 manns árið 2035 eða 5000 eftir 12 ár. Það er vel yfir 50% fjölgun miðað við mannfjöldann í dag. Árið 2045 gæti íbúafjöldinn verið orðinn 6000 manns, þ.e. tvöföldun á 20 árum. Slík spá er bjartsýnisþá og langt yfir núverandi meðalfjölgun landsmanna. Hún kallar á mikla uppbyggingu, góða langtímasýn og markvissa stefnu í skipulags- og atvinnuþróun bæjarfélagsins. Núverandi hafnarsvæði þarf m.a. að stækka verulega fyrir gáma og byggja á nýjustu tækni í kranaflutningum. Höfnin leggur grundvöllinn að fjölgun

fyrirtækja í bæjarfélaginu, fyrirtækin að atvinnunni, atvinnan að búsetunni, búsetan að mannlífni og samfélaginu. Höfnin er gullmolinn.

Hveragerði klofnaði út úr sveitarfélaginu Ölfusi 1946, en þar var þá komið lítið þéttbýli, sem byggðist á jarðhitnum. Hveragerði mun eflaust sameinast Ölfusi á ný í náinni framtíð, enda eins og lítið frímerki í sveitarfélaginu Ölfusi. Sameiningin myndi ekki breyta miklu, og alls ekki skaða, því hagsmunir bæjarfélaganna eru ekki í samkeppni innbyrðis. Hveragerði með ylrækt, léttan iðnað, áherslur í heilbrigðismálum, náttúruna og þjónustu við ferðamenn. Þorlákshöfn á fleygiferð með útgerð og fiskvinnslu, inn- og útflutning, stórtæka fiskirækt á landi, iðnað og hugsanlega stóriðju ef orka fæst. Með sameiningu gæti Ölfus fljótlega orðið stærra en nágrennið Árborg. Það er alltaf gaman að vera stærri – stóri bróðir.

Trygg orka þarf að vera til staðar, annaðhvort aðkeypt eða framleidd af sveitarfélaginu sjálfu. Samkvæmt fréttum Landsnets eru 70% líkur á raforkuskorti innan nokkurra ára – ótrúleg staða miðað við alla virkjunarkosti á Íslandi. Orkuskortir fylgir verðhækkun og atvinnuleysi. Til að verða ekki út undan með orku gæti Ölfus þurft að nýta orkumöguleika sína, virkja jarðvarmann, og samhliða raforkuna. Vindmyllugarður kemur sterklega til greina, t.d. með ströndinni. Leyfisveitingar eru mjög tímafrekar og nauðsynlegt að hafa tímann fyrir sér í þeim efnum. Bæjarfélagið þarf að kaupa land fyrir framtíðina, slétta og rækta upp sandskaflana, sá lúpinufræjum til að hindra sandfok og bæta jarðvegin.

Nýjar upplýsingar í fréttum um góða fjárhagsstöðu bæjarfélagsins fylla íbúa bjartsýni um bæinn sinn – Þorlákshöfn. Hveragerði hefur einkunnarorðin „Hveragerði – blómstrandi bær“ og Þorlákshöfn gæti eignað sér einkunnarorðin „Þorlákshöfn – bær framtíðar“.

Róbert Pétursson.



Vel heppnað landsþing á Selfossi





Fyrsta skóflustunga að nýrri björgunarmiðstöð tekin á Flúðum

Fyrsta skóflustunga að nýrri björgunarmiðstöð á Flúðum var tekin 8. maí sl. Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri og Einar Ágúst Hjörleifsson formaður björgunarsveitarinnar tóku stunguna.

Miðstöðin mun hýsa aðstöðu Brunavarna Árnassýslu og björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum.

Húsið verður um 1200 fm² að grunnfleti og þar af Brunavarnir Árnassýslu með um 650 fm² af grunnfleti. Húsið er límtréshús með steinullareiningum og sér Harri Kjartansson húsasmíðameistari um að reisa húsið.

Gert er ráð fyrir að vinna við jarðvinnu hefjist á næstu dögum og í framhaldi verði smíðavinna við sökklá, plötu og reisingu á húsinu.

Reiknað er með að húsið verði komið upp og lokað í desember 2025 og að það verði tilbúið á árinu 2026.

„Húsið mun gjörbylta aðstöðu Brunavarna Árnassýslu og björgunarsveitarinnar á Flúðum,“ segir Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu.

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is


**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR



KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR

Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi



Fæst hjá

BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Akstursþjálfun

Meirapróf

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilaverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa

Þjónustusími



NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is